

Mál nr. 428/2011**M****og****Vátryggingafélagið v/sjúkra- og slysatryggingar****Ágreiningur um bótaskyldu vegna meiðsla við vinnu þann 06.06. 2009.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 17.10. 2011.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 15.11. 2011.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M mun hafa verið við vinnu sína. Hann mun hafa hoppað úr gröfu og dottið og við það hlotið meiðsl sbr. fyrirliggjandi gögn.

Vátryggingafélagið hafnar bótaskyldu sbr. umfjöllun þess í gögnum málsins. Félagið telur að M hafi ekki sýnt fram á að hann hafi orðið fyrir slysi í umrætt sinn.

M telur bótaskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

Álit

Samkvæmt 4. gr. e lið samþykktu úrskurðarnefndar fjallar nefndin ekki um mál sem er það óljóst, illa upplýst eða krafa aðila svo óskýr að það sé ekki tækt til úrskurðar. Að álit nefndarinnar er mál þetta óljóst og illa upplýst en það gefur samt ekki tilefni til frávísunar.

Ekki er tilefni til að gagnrýna að vátryggingafélagið skuli hafa breytt um afstöðu sína til ágreinings aðila, líkt og haldið er fram í málskotinu. Vátryggingafélagið hefur heimild til að endurmeta afstöðu sína að teknu tilliti til fyrirliggjandi gagna.

Þegar tekið er mið af ofanrituðu og fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á bótaskyldu. Ósannað er M hafi slasast við þær aðstæður sem hann heldur fram.

Niðurstaða.

Bótaskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 7. desember 2011

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.